








ÁRSSKÝRSLA 2007



Lykiltölur

- Tekjur á árinu námu 11.301 milljón og jukust um 31% frá fyrra ári
- Hagnaður á árinu var 420 milljónir sem er 37% aukning frá fyrra ári
- EBITDA var 706 milljónir samanborið við 682 milljónir á árinu á undan
- Í dag eru 14 félög innan samstæðunnar og hefur þeim fjölgað um níu frá árinu 2005
- Stöðugildi í árslok voru 482 og fjölgaði um 132 milli ára



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns og forstjóra	2
Upplýsingatækni: Þróun á mörkuðum	6
Kjarnalausnir	10
Notendalausnir	12
Applicon Holding ehf.	16
ParX ehf.	19
Dansupport A/S	20
Linkur ehf.	20
SimDex ehf.	21
Klak ehf.	21
Mannauður	24
Nýherji í samfélaginu	26
Stjórn og stjórnendur	28
Stjórnarhættir	30
Hluthafar	32
Hlutverk Nýherja	34
Ársreikningur 2007.....	35
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	36
Áritun óháðra endurskoðenda	38
Rekstrarreikningur ársins 2007.....	39
Efnahagsreikningur 31. desember 2007	40
Eiginfjáryfirlit 2007.....	41
Sjóðstremisýfirlit ársins 2007.....	42
Skýringar	43
Fimm ára yfirlit	68
Ársfjórðungayfirlit.....	69

Ávarp stjórnarformanns og forstjóra



Þórður Sverrisson forstjóri
Benedikt Jóhannesson stjórnarformaður

Starfsemi Nýherja á árinu 2007 var á margan hátt söguleg. Tekjur samstæðunnar jukust mikið og fjárfest var í nýjum fyrirtækjum. Með kaupum á danska upplýsingatæknifyrirtækinu Dansupport A/S voru stigin frekari skref til þess að efla starfsemi félagsins erlendis. Rekstri Dansupport er ætlað að vera kjölfesta í kjarnastarfsemi Nýherja í þjónustu og sölu á tölvubúnaði og símkerfum til smárra og meðalstórra fyrirtækja á danska markaðnum. Nýliðið ár var fyrsta heila starfsár Applicon fyrirtækjanna í Bretlandi og Svíþjóð og starfsemi Applicon í Danmörku og á Íslandi eflidist mikið. Í árslok var Nýherjasamstæðan með eigin starfsemi í þremur löndum utan Íslands og voru starfsmenn erlendis um 140 í lok ársins eða tæp 30% af heildarfjölda starfsmanna.

Ýmissa tímamóta í sögu Nýherja var minnst. Þann 2. apríl voru 15 ár liðin frá stofnun Nýherja en félagið var stofnað þegar rekstur IBM á Íslandi var sameinaður rekstri nokkurra innlendra tölvu- og tæknifyrirtækja. Þá voru 40 ár liðin frá því IBM stofnaði til eigin rekstrar á Íslandi árið 1967 en IBM á Íslandi starfaði í 25 ár eða allt þar til rekstur þess var færður undir merki Nýherja árið 1992. Einnig voru 10 ár liðin frá því að félagið hóf sölu á SAP viðskiptahugbúnaði á Íslandi en í dag fer sú starfsemi fram undir merkjum Applicon í fjórum löndum.

Aukin tækifæri erlendis

Stefna Nýherja er að vera markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki í upplýsingatækni með því markmiði að veita viðskiptavinum úrvalsráðgjöf og þjónustu í tengslum við þær lausnir sem fyrirtækið býður. Fram til ársins 2005 starfaði félagið eingöngu á Íslandi. Þá var mótuð stefna um að starfsvettvangur félagsins yrðu valdir markaðir í Norður-Evrópu. Jafnframt var ákveðið að félagið myndi fylgja eftir íslenskum

fyrirtækjum sem starfa í helstu nágrannalöndum okkar til að auka þá þjónustu sem hægt er að veita þessum hópi fyrirtækja. Í samræmi við þessa stefnu hefur félagið haslað sér völl í Danmörku, Bretlandi og Svíþjóð. Áfram verður leitað tækifæra til að efla starfsemi félagsins á mörkuðum í Norður-Evrópu, bæði með áframhaldandi uppbyggingu dótturfélaga og kaupum á félögum sem falla að stefnu þess. Stefna Nýherja er að fjárfesta í erlendum fyrirtækjum sem starfa á þeim sviðum þjónustu og ráðgjafar í upplýsingatækni sem félagið hefur þegar þróað á Íslandi. Með þessari stefnu næst samlegð milli starfseininga samstæðunnar, bæði í rekstri og þróun.

Nýherji leggur ríka áherslu á að treysta frekar stöðu sína á innlendum upplýsingatæknimarkaði. Samningur um kaup á fyrirtækinu TM Software er í samræmi við þá stefnu en áreiðanleikakönnun vegna kaupanna stóð enn yfir um áramót. Með því að samþætta starfsemi TM Software við starfsemi Nýherja verður félagið enn betur í stakk búið til að veita viðskiptavinum sínum heildarþjónustu á sviði upplýsingatækni, ekki síst á sviði hýsingar og rekstrarþjónustu. Í lok árs var rekstur Tölvusmiðjunnar ehf. sameinaður rekstri Nýherja með því markmiði að veita viðskiptavinum á markaðssvæði Tölvusmiðjunnar enn betri þjónustu.

Vöxtur einkenni árið

Eins og áður kom fram var tekjuaukning í kjarnastarfsemi félagsins og fjárfesting í fyrirtækjum einkennandi fyrir árið. Tekjur samstæðunnar námu 11.301 milljón á árinu og jukust um 31% frá árinu á undan, en hafa aukist um 80% á síðastliðnum tveimur árum eða um tæpa 5 milljarða. Samhliða því hefur EBITDA hagnaður aukist og nam hann 706 milljónum á árinu 2007 samanborið við 682 milljónir 2006 og 233 milljónir 2005.

Aukning í tekjum er annars vegar vegna innri vaxtar, en hins vegar með kaupum á fyrirtækjum. Nýherji hefur frá því í október 2005 keypt 5 fyrirtæki; Applicon A/S, Tölvusmiðjuna ehf., Dansupport A/S, Link ehf. og verslunina Sony Center. Tekjuaukning í ársreikningi 2007 sem rekja má til kaupa þessara fyrirtækja nemur 773 milljónum og innri vöxtur milli árána 2006 og 2007 er rúm 22%.

Stöðugt stærri hluti af starfsemi Nýherjasamstæðunnar fer fram í dótturfélögum. Í árslok voru starfsmenn dótturfélaga 140 eða 28% af heildarstarfsmannafjölda og tekjur dótturfélaga námu samtals 4.174 milljónum eða 36,9% af heildartekjum samstæðunnar. Vegna aukinna umsvifa hefur starfsmönnum félagsins fjölgað um 132 á árinu og voru í árslok 482 stöðugildi hjá félaginu.

Rekstur Nýherja á Íslandi er á fjölbreyttu sviði upplýsingatækni og nær m.a. til vörusölu, þjónustu og ráðgjafar. Á árinu var unnið að því að afmarka og skerpa áherslur einstakra eininga og skapa þeim grundvöll til þess að vaxa enn meira bæði hérlandis og erlendis. Því eru hljóð- og myndlausnir nú markaðssettar undir vörumerkinu Sense en skrifstofur og verslun Sense eru í Kópavogi. Til að efla starfsemi á þessu sviði keypti Nýherji Link ehf. og Sony Center. Samanlagðar tekjur félagsins af þeim rekstri voru 1.350 milljónir.

Applicon Holding ehf., dótturfélag Nýherja, sérhæfir sig í ráðgjöf og þjónustu á sviði viðskiptahugbúnaðar. Applicon er með eigin rekstur í fimm fyrirtækjum í fjórum löndum. Hjá Applicon starfa samtals 182 sérfræðingar og fjölgaði um 48 á árinu. Í Bretlandi og Svíþjóð voru stofnuð ný Applicon fyrirtæki og eru starfsmenn Applicon um 10 í hvoru landi. Þá var Applicon Solutions A/S stofnað í Danmörku en fyrirtækið sérhæfir sig í þróun staðlaðra lausna á sviði SAP-hugbúnaðar. Verulegar fjárhæðir voru gjaldfærðar í rekstri ársins 2007 vegna uppbyggingar þessara félaga.

Með kaupum Nýherja á danska fyrirtækinu Dansupport var stigið fyrsta skrefið í að bjóða þjónustu sem snýr að bestun upplýsingakerfa og samþættingu samskiptalausnum erlendis. Dansupport er með aðalskrifstofu í Óðinsvéum, en á árinu opnaði félagið skrifstofur í Kaupmannahöfn og Kolding.

Markmiðið með starfsemi Dansupport er að styrkja stöðu Nýherja á danska markaðnum og ná góðum vexti í þjónustu og ráðgjöf til meðalstórra fyrirtækja.

Á liðnum árum hefur stefna Nýherja verið að þróa ráðgjöf og lausnir á sviði hugbúnaðar og tækniþjónustu. Á árinu voru tekjur af þessari starfssemi 44% af heildartekjum samstæðunnar. Stefnt er að því að tekjur af þjónustu og ráðgjöf nemi um 55% af heildartekjum samstæðunnar á árinu 2008.

Sterkur efnahagur

Efnahagur félagsins styrktist á árinu. Eigið fé í árslok var 1.764 milljónir og jókst um 26,3% frá árinu á undan. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi voru 5.661 milljón og höfðu vaxið um 1.113 milljónir á árinu. Eiginfjárlutfall var 31,2%. Í því sambandi er vert að geta þess að í efnahagsreikningi er húseign félagsins í Borgartúni bókfærð á 830 milljónir. Að mati hlutlauss fasteignasala er markaðsverð húseignarinnar hins vegar ríflega 2 milljarðar króna.

Aukið hlutfé til fjárfestinga

Á aðalfundi Nýherja, sem haldinn var í janúar 2007, var samþykkt að færa niður hluti í eigu félagsins og lækka þannig nafnverð hlutfjár um 13 milljónir eða í 235 milljónir króna. Á árinu hækkaði markaðsverð hlutabréfa Nýherja um 50,6% og var 5.235 milljónir í árslok og hefur hækkað ár hvert frá árinu 2002. Stjórn félagsins samþykkti að leggja til við aðalfund í janúar 2008 að stjórn yrði heimilt að auka hlutfé um allt að 65 milljónir sem nýtt verði til fjárfestinga í nýjum fyrirtækjum.

Vel menntað og þjálfað starfsfólk er drifkrafturinn í starfsemi Nýherja og dótturfélaga þess. Stjórn og forstjóri félagsins færa starfsfólkinu bestu þakkir fyrir vel unnin störf og trúnað við félagið á árinu og hlakkar til að eiga samstarf um verkefni næstu missera. Þá þakkar stjórn og forstjóri félagsins viðskiptavinum fyrir viðskiptin á árinu 2007 og hluthöfum fyrir stuðninginn.

Benedikt Jóhannesson stjórnarformaður
Þórður Sverrisson forstjóri



Opinber stjórnsýsla mótar þjóðfélagið sem við lifum í. Traust lýðræði og velferð borgaranna hvílir að miklu leyti á skilvirkri og gagnsæri stjórnsýslu. Nýherji býður upp á fjölda lausna sem eru sérstaklega hannaðar fyrir ráðuneyti, sveitarfélög og aðrar opinberar stofnanir. Lausnir frá Nýherja stuðla að sterkara samfélagi.

Upplýsingatækni: Þróun á mörkuðum

Nokkuð jafn vöxtur upp á rúm 5% hefur verið á upplýsingatæknimarkaði í norðanverðri Evrópu síðastliðin ár. Óróleiki á fjármálamörkuðum á síðari helmingi árs 2007 eykur skekkjumörk þegar meta á markaðsaðstæður fram í tímann en þó er almennt búist við áframhaldandi vexti á upplýsingatæknimarkaðnum í Evrópu. Mikilvægi nýsköpunar, þekkingar og stytting þess tíma sem tekur að koma vörum og þjónustu af teikniborðinu og út á markaðinn verður sífellt meira. Til að ná forskoti á markaðnum leita fyrirtæki því í auknum mæli að vönduðum lausnum í upplýsingatækni. Framsýnir stjórnendur sjá að upplýsingatæknin getur eflt mjög samskipti við viðskiptavinum, bæði nýja og núverandi, og stuðlað að aukinni framleiðni starfsfólks.

Færri þjónustuaðilar og fjölbreyttari þjónusta

Síðustu ár hefur þróunin á upplýsingatæknimarkaði verið á þá leið að viðskiptavinir velja fremur að skipta við stærri fyrirtæki sem veitt geta fjölbreyttari þjónustu og ráðgjöf. Upplýsingatæknifyrirtækin hafa svarað þessu kalli markaðarins.

Ákvörðunum um fjárfestingu í upplýsingatækni er í auknum mæli ætlað að styðja við markmið fyrirtækja um vöxt og aukningu hagnaðar. Þetta þýðir jafnframt að gerðar eru meiri kröfur til upplýsingatæknifyrirtækja um að þau sýni fram á rekstrarlegt virði þeirra lausna sem þau bjóða.

Áhersla á meðalstór og smærri fyrirtæki

Síðustu misseri hafa stór upplýsingatæknifyrirtæki á borð við IBM og SAP lagt aukna áherslu á lausnir fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki. Fyrirtæki með færri en 500 starfsmenn eru stór markaður en um 70% alls starfsfólks í Vestur-Evrópu starfar hjá fyrirtækjum af þeirri stærðargráðu. Slík fyrirtæki leggja sífellt meira upp úr nýtingu upplýsingatækninnar og er búist við að fjárfesting þeirra í upplýsingatækni muni aukast meira en hjá stærri fyrirtækjum á næstu árum. Þarfir þeirra eru nokkuð aðrar en stærri fyrirtækja og þau leggja t.d. mikið upp úr verkefnum sem ganga út á einföldun og stöðlun lausna í þeim tilgangi að draga úr kostnaði.

Úthýsing og stöðlun lausna

Fyrirtæki og stofnanir leita í vaxandi mæli að leiðum til að úthýsa þáttum starfseminnar sem ekki tengjast kjarnastarfsemi þeirra. Þetta á sérstaklega við um rekstur og þjónustu á sviði upplýsingatækni. Þróun öflugri lausna hefur gert úthýsingu upplýsingatækni að sífellt betri kosti og því má fastlega búast við að fyrirtæki og stofnanir líti í meira mæli til slíkra lausna á komandi misserum.

Aukin notkun Internetsins og sjálfsafgreiðslulausna krefst skilvirkra innri ferla í fyrirtækjum og stofnunum því aukin sjálfvirkni ferla hefur verið einn helsti drifkrafturinn í framleiðniaukningu síðustu ára. Þetta hefur einnig leitt til þess að fyrirtæki leitast í auknum mæli við að aðlaga vinnuferla sína að öflugum stöðluðum lausnum í stað þess að sérsníða lausnirnar að eldri vinnuferlum líkt og algengt var. Þessi þróun hefur orðið enn mikilvægari við aukna alþjóðavæðingu fyrirtækja þar sem einfaldara verður að samnýta kerfi og styttri tíma tekur að innleiða nýjar rekstareiningar.

Öryggismál sífellt mikilvægari

Öflugri lausnir í samskiptatækni hafa gert starfsmönnum fyrirtækja betur kleift að nálgast gögn þegar þeir eru á ferð og flugi og samþætting samskiptalausna er orðin að veruleika í mörgum fyrirtækjum. Þessi þróun eykur framleiðni og sveigjanleika starfsmanna. Samfara þessari þróun og auðveldara aðgengi að gögnum óháð staðsetningu verður öryggi æ mikilvægari þáttur í upplýsingatæknimálum fyrirtækja.

Þjónusta og ráðgjöf sem skilgreind vara

Þjónusta og ráðgjöf verður sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi upplýsingatæknifyrirtækja enda hefur aukin notkun staðla í vél- og hugbúnaði gert það að verkum að minni munur er á búnaði milli framleiðenda en áður. Þetta þýðir að einfaldara er að skipta út búnaði, hvort heldur er í vél- eða hugbúnaði án þess að það komi niður á þjónustu eða vörugæðum. Þessu hafa mörg upplýsingatæknifyrirtæki brugðist við með því að skilgreina þjónustu, ráðgjöf og vörur sem heildstæðar lausnir. Gildi lausnanna fyrir viðskiptahagsmunum fyrirtækjanna og sú þjónusta og ráðgjöf sem upplýsingatæknifyrirtækin veita er það sem skapar virði en ekki aðeins tæknin á bak við lausnirnar.

Íslenski upplýsingatæknimarkaðurinn

Talsverðar hræringar hafa orðið á íslenska upplýsingatæknimarkaðnum síðustu ár. Þar ber hæst samruni upplýsingatæknifyrirtækja en þrjár samsteypur eru stærstar á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni; Nýherji, Skipti og Teymi.

Töluverður hluti af starfsemi Nýherja fer fram undir eigin merkjum en vaxandi hluti rekstrarins fer fram innan dótturfélaga, s.s. Applicon, ParX og Dansupport. Með samningi um kaup á TM Software ehf. styrkir Nýherji frekar starfsemi sína og þjónustuframboð til fyrirtækja og stofnana.

Skipti voru stofnuð sem móðurfélag nokkurra fyrirtækja, m.a. Símans, Skjásins, Milu og Já, auk erlendra upplýsingatæknifyrirtækja. Fyrirtækið skerpti áherslu sína á síðasta ári með kaupum á IP-fjarskiptafyrirtækinu Sensa og einnig þegar starfsemi hýsingarfyrirtækisins Anza var sameinuð rekstri Símans og hlutir minnihlutaeigenda í fyrirtækinu voru keyptir.




Teymi rekur meðal annarra dótturfélögin Vodafone, Kögun, Skýrr, EJS, Landsteina Streng, HugAx og Eskil. Hands Holding, sem Teymi á hlut í og á m.a. Opin kerfi Group, seldi Opin kerfi ehf., sem er íslenski hluti Opinna Kerfa Group. Seinna á árinu sameinuðust svo Opin Kerfi ehf. og Titan ehf.

Samruni á upplýsingatæknimarkaðnum á Íslandi síðustu ár hefur ekki einungis snúist um sameiningu fyrirtækja með svipaða starfsemi, heldur miðar einnig að því að auka framboð vöru og þjónustu. Þetta á sérstaklega við um samruna og aukið samstarf upplýsingatækni- og fjarskiptafyrirtækja. Þessarar þróunar hefur einnig orðið vart á mörkuðum upplýsinga- og fjarskipta í nágrannalöndunum.



Fyrirtæki eru lykill að hagsæld samfélagsins og langflestir verja stórum hluta ævi sinnar innan veggja þeirra. Nýherji veitir fyrirtækjum bæði ráðgjöf og þjónustu, sem snýr jafnt að rekstri og upplýsingatækni. Lausnir frá Nýherja auka samkeppnishæfni fyrirtækja.

Kjarnalausnir



Kjarnalausnir bera ábyrgð á markaðssetningu, sölu og þjónustu á öllum miðlægum lausnum sem Nýherji býður upp á, s.s. netþjónum, gagnageymslulausnum, IP-símkerfum, varaafgjöfum og hugbúnaði auk þess að bjóða upp á alhliða hýsingar- og rekstrarþjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. Lausnamengið skiptist í tvo meginflokk; annars vegar IT Optimization – bestun upplýsingakerfa og hins vegar Unified Communications – samþættar samskiptalausnir. Rekstur Kjarnalausna gekk mjög vel á árinu og námu tekjur sviðsins 3,3 milljörðum sem er 21% aukning frá fyrra ári.

Markmið Kjarnalausna er að bjóða upp á lausnir sem fela í sér bæði tæknilegan og fjárhagslegan ávinning fyrir viðskiptavinum. Tæknilegur ávinningur felst í einföldun og samþættingu kerfa, en hvort tveggja stuðlar að auknum stöðugleika og öryggi sem mætir kröfum um bestu mögulegu afköst. Fjárhagslegur ávinningur felst í hagkvæmni í rekstri lausnarinnar, bættri þjónustu og aukinni framleiðni starfsmanna. Í því sambandi bjóða Kjarnalausnir upp á lausnir, allt frá einfaldri viðhalds- og ábyrgðarþjónustu upp í alrekstur og hýsingu.

Bestun upplýsingakerfa - IT Optimization

Bestun upplýsingakerfa snýst um að byggja upp tæknilega innviði fyrirtækja á miðlægan hátt til að tryggja rekstraröryggi, auka hagkvæmni og skapa nauðsynlegan sveigjanleika til að takast á við stöðugar breytingar í viðskipta-umhverfi fyrirtækja. Meðal verkefna Kjarnalausna á árinu má nefna uppbyggingu tölvuvera stærstu fyrirtækja landsins sem hefur leitt til einföldunar með fækkun eininga samhliða því að auka rekstraröryggi og hagkvæmni. Bestun upplýsingakerfa snýr einnig að hönnun og uppbyggingu gagnageymslulausna. Við hönnun slíkra kerfa þarf að gera itrustu kröfur um öryggi gagna og tryggja að þau uppfylli lagaleg skilyrði um geymslu og öryggi upplýsinga. Enn fremur má nefna samþættingu upplýsingakerfa með SOA – Services Oriented Architecture, sem auðveldar innleiðingu ólíkra kerfa þannig að þau vinni saman og tengi einstaka viðskiptaferla.

Vörur sem tengjast bestun upplýsingakerfa eru allir miðlarar frá IBM, gagnageymslulausnir frá IBM, hugbúnaður frá IBM, s.s. Tivoli og WebSphere, hugbúnaður frá Microsoft og Symantec auk kerfislausna frá APC og Avocent.

Vinsældir BladeCenter vekja athygli

Mikill vöxtur í sölu netþjóna setti svip sinn á árið hjá Nýherja og jókst salan um 40% milli ára. Vinsældir IBM BladeCenter-blaðanetþjónanna hafa aukist jafnt og þétt frá því Nýherji hóf sölu þeirra árið 2003. Sala á afritunarlusnum IBM

og öryggislausnum frá APC var vel umfram áætlanir á árinu. Auk þess hefur verið mikil og stöðug sala á diskalausnum og öðrum kjarnavörum Nýherja.

Samþætt samskipti - Unified Communications

Samþætt samskipti snúast um að samtvinna samskipta- og viðskiptalausnir. Meginmarkmið slíkra lausna er að ná fram aukinni framleiðni og rekstrarhagkvæmni fyrirtækja og stofnana með skilvirkari og árangursríkari samskiptum milli starfsmanna, samstarfsaðila og viðskiptavina. Samþættar samskiptalausnir einfalda samskipti starfsmanna, spara tíma og bæta þjónustu bæði inn á við og út á við. Nýherji hefur áralanga reynslu af því að veita þjónustu vegna samskiptalausna fyrirtækja og býður heildarlausnir á þessu sviði.

Vörur sem tengjast samþættum samskiptalausnum eru IP-símkerfi frá Avaya, netlausnir frá Cisco, fjarfundalausnir frá Polycom og samvinnulausnir frá IBM (s.s. Lotus Notes, Workplace og Portal) og Microsoft (s.s. Exchange, Sharepoint og CRM).

IP-símkerfin í meirihluta

IP-símkerfi nýta netkerfi fyrirtækja fyrir öll símasamskipti. Líkt og undanfarin ár áttu IP-samskiptalausnir Nýherja góðu gengi að fagna og var mikil sala á sviði IP-lausna og Avaya-símkerfa á árinu. Mikill meirihluti símkerfa sem Nýherji býður er byggður á þeirri tækni en hún hefur að mestu komið í stað hinnar hefðbundnu PBX-sím tækni. Nýherji hefur sérhæft sig í innleiðingu og þjónustu Avaya IP-samskiptalausna í rúman áratug og er leiðandi á Íslandi á því sviði. Nýherji veitir einnig alhliða þjónustu fyrir net- og símkerfi frá Cisco.

Margir nýir viðskiptavinir bættust í hópinn á árinu. Nýherji hélt áfram að veita íslenskum útrásar-fyrirtækjum þjónustu með uppsetningu IP-lausna í starfsstöðvum fyrirtækjanna erlendis og hefur nú lokið 42 uppsetningum í 15 löndum fyrir viðskiptavinum félagsins.

Alrekstrarþjónusta á uppleið

Umsjá Nýherja veitir fyrirtækjum og stofnunum hýsingar- og rekstrarþjónustu. Þjónusta á sviði hýsingar, alrekstrarþjónustu og hugbúnaðarráðgjafar hefur aukist undanfarið þar sem fyrirtæki leita sífellt leiða til að draga úr kostnaði við upplýsingatækni og sjá sér hag í því að úthýsa þessum þætti starfsmenninnar. Auk þess annast Umsjá rekstur tölvukerfa viðskiptavina og þjónustu við starfsmenn þeirra með alrekstrarþjónustu. Með þessu móti hefur viðskiptavinum tekist að lækka heildarkostnað af rekstri tölvukerfa um allt að þrjátíu prósent samhliða því að rekstraröryggi tölvukerfa og þjónustustigið við notendur hefur aukist.

Tækniþjónusta Kjarnalausna

Starfsemi Kjarnalausna Nýherja byggist á áratuga reynslu af þjónustu við upplýsingakerfi íslenskra fyrirtækja og stofnana. Menntun tæknifólks er stærsta fjárfesting Kjarnalausna og fyrirtækið leggur metnað sinn í að tæknimenn séu með vottaða þekkingu á öllum búnaði sem félagið selur. Þátttaka starfsfólks á námskeiðum hérlandis og erlendis, ásamt miklum tíma sem starfsfólk ver í sjálfsnám, tryggir viðskiptavinum Kjarnalausna aðgang að bestu þekkingu hverju sinni.

Nýherji byggir þjónustuferla sína á ITIL, sem er safn þrautreyndra og viðurkenndra ferla sem tryggja gæði og skilvirkni. Til að tryggja árangur af þeim verkefnum sem fyrirtækið vinnur fyrir viðskiptavinum er verkefnum stýrt með PRINCE2 aðferðafræðinni. Árangur verkefna er mældur með tiliti til tíma, gæða og kostnaðar og samkvæmt mælingum hefur náðst góður árangur í verkefnastjórnun á síðastliðnu ári.

Notendalausnir

Notendalausnir Nýherja bera ábyrgð á sölu og markaðssetningu á vörum frá mörgum af þekktustu framleiðendum heims, svo sem Lenovo, Canon, IBM, Lexmark, Heidelberg, Bose og Sony. Rekstur Notendalausna gekk mjög vel á árinu og nam heildarsala röskum 3,7 milljörðum sem er 26% aukning milli ára. Viðskiptavinir Notendalausna eru einkum fyrirtæki, skólar og stofnanir en þó eru ýmsar söluvörur sviðsins í vaxandi mæli seldar á neytendamarkaði.

Áframhaldandi vöxtur í sölu á Lenovo

Tvö ár eru liðin frá því kínverska tölvufyrirtækið Lenovo Group Limited keypti einkatölvudeild IBM. Fyrirtækin hófu jafnframt náið samstarf um þróunar- og þjónustumál. Einkatölvur undir vörumerkjunum Lenovo og ThinkPad eiga stöðugri og vaxandi velgengni að fagna um heim allan og svo er einnig hér á landi. Hjá Nýherja varð 24% söluaukning á vörum frá Lenovo. Lenovo er einn helsti styrktaraðili Ólympíuleikanna í Peking 2008. Mun fyrirtækið m.a. leggja til 10.000 tölvur og yfir 500 sérfræðinga meðan á leikunum stendur í þeim tilgangi að tryggja sem best upplýsingaflæði.

Heildarþjónusta í prentlausnum með Rent A Prent

Nýherji hefur lengi verið leiðandi á Íslandi í sölu á prentlausnum frá Canon og Lexmark til fyrirtækja, stofnana og skóla. Fyrirtækið þróaði og setti á markað Rent A Prent sem er alhliða prentlausn fyrir fyrirtæki og stofnanir. Með Rent A Prent býðst viðskiptavinum að leigja viðeigandi prentbúnað af Nýherja sem sér um allan rekstur og þjónustu með sólarhrings fjarvöktun. Með Rent A Prent greiðir viðskiptavinurinn fast verð fyrir hverja prentaða síðu og þannig fá stjórnendur öflugt verkfæri til að stýra kostnaði og stuðla að réttri samsetningu búnaðar og þjónustu. Reikna má með miklum vexti í þessari þjónustu á komandi mánuðum og misserum. Nýherji hefur einnig selt búnað frá Heidelberg til prentsmiðja um árabíl. Stafræn tækni er orðin allsráðandi í prentiðnaðinum og var sala á stafrænum plötuskrifurum mjög góð á síðari hluta ársins.

Sala á SurePos-afgreiðslukerfunum frá IBM var mjög góð á árinu en margar af helstu verslunum landsins nota búnaðinn. Nýherji vann ásamt IBM að uppsetningu fyrstu sjálfsafgreiðslustöðvanna frá IBM hér á landi, sem jafnframt voru þær fyrstu sinnar tegundar á Norðurlöndunum. Með sjálfsafgreiðslukerfum geta verslanir bætt þjónustu við viðskiptavinum og aukið hagræði. Gera má ráð fyrir fleiri uppsetningum á sjálfsafgreiðslukerfum á næstu mánuðum.




Sense - Nýjung á markaði

Mikil gróska var í starfsemi hljóð- og myndlausnadeildar Nýherja sem hefur um árabíl verið leiðandi á Íslandi á sínu sviði. Meðal verkefna var uppsetning á fullkominni funda- og ráðstefnuaðstöðu fyrir banka- og fjármálafyrirtæki og endurhönnun og viðbætur við ráðstefnusali hótela.

Í júní sl. var hljóð- og myndlausnadeild Nýherja færð undir nýja einingu undir heitinu Sense sem hefur aðsetur í Hlíðasmára 3 í Kópavogi. Markmiðið með stofnun Sense er að vera leiðandi í ráðgjöf, hönnun, uppsetningu og þjónustu á sviði stafrænna lausna fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Opnuð var glæsileg verslun sem býður fjölbreytt úrval hljóð- og myndlausna fyrir heimili auk nýjustu tækni við stafræna stýringu hita-, ljósa- og öryggiskerfa. Sense býður upp á hágæðavörumerki á borð við Crestron, Bose, Artcoustic og Sony. Fyrirtækið kappkostar að bjóða einstaklingum heildarþjónustu sem felur í sér ráðgjöf, uppsetningu og kennslu. Þessi breyting hefur borið góðan árangur og hafa tekjur deildarinnar aukist um 47% á milli ára.

Canon sterkt vörumerki

Þó svo að Nýherji starfi að mestu á fyrirtækjamarkaði býður félagið upp á ýmsar lausnir fyrir einstaklinga og fagaðila. Canon er leiðandi framleiðandi á sínu sviði og mikil söluaukning varð á Canon vörum á árinu. Þessi búnaður er að mestu leyti seldur í gegnum endursöluaðila Nýherja en einnig gekk sala í verslun Nýherja mjög vel.






Bankar leggja grunninn að öfluggu atvinnulífi auk þess sem hver og einn treystir bönkunum fyrir afkomu sinni og sparnaði. Hugbúnaðarlausnir, upplýsingakerfi, hraðbankar og afgreiðslukerfi er meðal þess sem Nýherji leggur til reksturs banka. Lausnir frá Nýherja tryggja öruggari bankaviðskipti og fjölbreyttari þjónustu.



Applicon Holding ehf.

AppliCon



Applicon Holding ehf. er eignarhaldsfélag um eignarhluti Nýherja í Applicon-félagunum fimm þar sem samtals starfa 182 starfsmenn. Stærstu starfsstöðvarnar eru á Íslandi og í Danmörku en um 80 manns starfa í hvoru landi. Hjá Applicon í Bretlandi og Svíþjóð starfar um tugur starfsmanna á hvorum stað. Tekjur Applicon á árinu voru 3 milljarðar, en talsverðu fjármagni var varið í uppbyggingu fyrirtækisins á árinu.

Í október 2005 keypti Nýherji allt hlutfé í Applicon A/S í Danmörku sem er einn stærsti samstarfsaðili SAP þar í landi. Samhliða kaupunum á Applicon A/S var stofnað sérstakt félag um starfsemi hugbúnaðarlausna Nýherja hér á landi undir nafninu Applicon ehf. Kaupin voru liður í að styðja betur við þá starfsemi sem tengdist erlendum verkefnum hugbúnaðarsviðs Nýherja á sviði SAP-lausna, ekki síst fyrir fyrirtæki með starfsemi erlendis. Jafnframt var ætlunin að skapa forsendur fyrir aukna sölu SAP- og Microsoft-lausna á erlendum mörkuðum.

Markmið Applicon er að verða eitt öflugasta ráðgjafarfyrirtæki Norður-Evrópu á sviði SAP-hugbúnaðar. Hlutverk fyrirtækisins er að efla meðalstór fyrirtæki og gera þeim kleift að ná leiðandi markaðsstöðu með SAP- og Microsoft-hugbúnaðarlausnum og ráðgjöf. Hver skrifstofa Applicon veitir fjölbreyttum hópi viðskiptavina þjónustu á sínum heimamarkaði. Applicon-fyrirtækin vinna náið saman að einstökum lausnum en mest í fjármálalausnum sem er umfangsmesta sérsvið fyrirtækisins. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að efla alþjóðlegu starfsemi enn frekar þannig að sérlausnir Applicon á öðrum sviðum atvinnulífsins nái meiri útbreiðslu.

Hjá Applicon-fyrirtækjunum starfar hópur vel menntaðs fólks með mikla reynslu af störfum í fjölmörgum atvinnugreinum. Lögð er áhersla á að ráðgjafar Applicon séu bæði með sérþekkingu á sviði þeirra fyrirtækja sem þeir starfa fyrir og á sviði upplýsingatækni. Þannig geta þeir veitt vandaða og faglega ráðgjöf um innleiðingu upplýsingatækni sem leitt getur til hagræðingar verkferla.

Applicon hlýtur gullvottun SAP

Applicon á Íslandi og í Danmörku hlutu á árinu gullvottun SAP fyrir framúrskarandi árangur í sölu, þjónustu og þróun á SAP-lausnum. SAP styðst við net samstarfsaðila og veitir þeim vottun í samræmi við þekkingu innan fyrirtækjanna og árangur. Gullvottun er efsta stig vottunarkerfis SAP, en einungis tveir af rúmlega 30 samstarfsaðilum SAP á Norðurlöndum hafa áður náð þeim áfanga. Þetta er því mikil viðurkenning fyrir starfsemi Applicon og staðfesting á því að félagið hefur skipað sér í fremstu röð SAP-samstarfsaðila.

Applicon ehf. á Íslandi

Applicon ehf. á Íslandi sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun lausna fyrir SAP- og Microsoft-hugbúnað. Hjá Applicon ehf. voru 83 starfsmenn í árslok og

fjölgaði um 14 á árinu. Fyrirtækið hefur þróað fjölmarga lausnapakka fyrir einstakar atvinnugreinar, svo sem sveitarfélög og sjávarútvegsfyrirtæki og á sviði launa- og mannauðslauna. Starfsemi Applicon ehf. gekk ágætlega á árinu, en afkoma af rekstri var nokkuð undir áætlun, sem má m.a. rekja til hærri þróunarkostnaðar við nýjar lausnir en gert var ráð fyrir.

Applicon hélt upp á 10 ára afmæli SAP á Íslandi en hugbúnaðarsvið Nýherja hóf sölu á SAP-lausnum 1997. Þegar fyrirtækið hóf að bjóða SAP-lausnir á Íslandi einbeitti SAP sér að stærstu fyrirtækjunum á markaðnum og ljóst að mögulegir viðskiptavinir á Íslandi væru ekki margir. Í kringum 2001 breyttust áherslurnar þegar SAP fór að leggja meiri þunga í þróun lausna fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Samhliða því varð umhverfi íslenskra fyrirtækja mun alþjóðlegra. Þetta gjörbreytti þeim markaði sem fyrirtækið starfar á og hefur fjölgað tækifærum Nýherja, og síðar Applicon, til muna.

Starfsemin á Íslandi hefur vaxið mikið undanfarin ár og verkefnastaðan verið mjög góð. Mörg af stærri fyrirtækjum og sveitarfélögum landsins eru meðal viðskiptavina Applicon. Á árinu 2007 var unnið að ýmsum SAP-verkefnum á sviði fjárhags-, vörustjórnunar-, mannauðs- og launalausna, m.a. fyrir Akureyrarbæ, Glitni, Kópavogsbæ, Samskip og Símann. SAP-verkefni á sviði fjármálalausna voru unnin m.a. fyrir Askar Capital, Kaupþing og Avant. Einnig var mikill vöxtur í umfangi Microsoft-verkefna hjá Applicon. Má þar nefna verkefni fyrir Nova, N1 og Marel. Þekking Applicon á SAP og Microsoft hefur verið samvinnuð í ýmsum verkefnum, t.d. í netbankalausn Applicon sem er viðmóts- og samskiptalag fyrir SAP-bankalausnir. Kaupþing hefur þegar tekið þessa lausn í notkun með góðum árangri í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi og áætlað frekari innleiðingu á árinu 2008.

VR útnefndi Applicon á Íslandi fyrirtæki ársins 2007 í hópi stærri fyrirtækja. Útnefningin var ánægjuleg þar sem hún endurspeglar mikla starfsánægju hjá starfsfólki og góðan fyrirtækjabrag Applicon. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á starfsánægju og árangur í starfi og laðar þannig til starfa hæfa einstaklinga til að takast á við krefjandi verkefni á sviði upplýsingatækni.

Applicon A/S í Danmörku

Applicon A/S er leiðandi fyrirtæki í Danmörku á sviði ráðgjafar, innleiðingar og þjónustu fyrir SAP-hugbúnað og jafnframt söluaðili SAP-hugbúnaðar á danska markaðnum. Applicon A/S er með aðalskrifstofur á Frederiksberg í Kaupmannahöfn og rekur einnig skrifstofu í Skanderborg á Jótlandi. Í árslok störfuðu 79 starfsmenn hjá félaginu og fjölgaði þeim um 17 á árinu. Við ráðningu nýrra starfsmanna er gætt að því að ráða einungis öfluga ráðgjafa með meira en fimm ára reynslu af SAP, og starfa því margir af færustu SAP-ráðgjöfum sem völ er á í Danmörku hjá fyrirtækinu.

Tekjur Applicon A/S hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og félagið hefur ráðist í stærri verkefni fyrir nokkur af stærstu fyrirtækjum Danmerkur. Á árinu var undirritaður samningur við veitufyrirtækið DONG Energy um fyrsta áfanga á innleiðingu SAP-lausna fyrir samstæðuna. Þetta var einn stærsti SAP-samningur sem undirritaður var á síðasta ári í Danmörku.

Applicon A/S vann einnig með öðrum fyrirtækjum innan Applicon-samstæðunnar og störfuðu danskir ráðgjafar m.a. fyrir Kaupþing og Glitni. Þeir unnu jafnframt með fjármálaráðgjöfum Applicon ehf. að þróun SAP-bankatenginga fyrir greiðsluferfi, sem var stærsta einstaka þróunarverkefni AppliCon ehf.

Danska viðskiptatímaritið Børsen tilnefndi á árinu Applicon í hóp „gazellufyrirtækja“, en það eru fyrirtæki sem sýnt hafa fram á óvenjuhraðan vöxt undanfarin fjögur ár samhliða því að skila jákvæðri afkomu.

Applicon Solutions A/S í Danmörku

Í ársbyrjun stofnaði Applicon Holding fyrirtækið Applicon Solutions A/S. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun staðlaðra SAP-lausna sem eru einfaldar í innleiðingu og viðhaldi. Þessar lausnir hafa mjög sérhæfða virkni, eiga erindi við allar atvinnugreinar og henta vel til markaðssetningar á alþjóðamarkaði. Lausnirnar verða seldar í samvinnu við SAP-ráðgjafarfyrirtæki víða um heim, en Applicon-fyrirtækin annast söluna á þeim mörkuðum sem þau starfa á. Umtalsverður kostnaður var gjaldfærður á árinu vegna þróunar þessara lausna.

Félagið hefur þróað fullkomið kerfi til aðgangsstýringar í SAP, Authorization Process Manager (APM) og kemur ný útgáfa lausnarinnar á markað á fyrsta ársfjórðungi 2008. Lausnin hefur verið innleidd hjá nokkrum stærri fyrirtækjum í Danmörku og á Íslandi. Horfur um sölu þeirra eru góðar á árinu 2008 enda hefur APM aukið hagræði hjá þeim fyrirtækjum sem innleitt hafa lausnina.




Applicon Solutions Ltd í Bretlandi

Á síðara hluta árs 2006 hóf Applicon starfsemi í Bretlandi. Félagið var m.a. stofnað til að styðja við umhverfi íslenskra félaga sem eru með rekstur í Bretlandi og nota SAP-hugbúnað. Félagið hefur unnið að markaðssetningu og sölu á SAP-hugbúnaði og sérhæfðum fjármálalausnum sem þróaðar hafa verið af Applicon ehf. Þá hafa ráðgjafar Applicon einnig unnið með verkefni fyrir fyrirtæki á Íslandi og í Noregi auk ráðgjafar á breska markaðnum. Í árslok voru stöðugildi Applicon í Bretlandi 10 talsins. Þar er um að ræða reyndan hóp ráðgjafa með sérþekkingu á mismunandi kerfishlutum SAP. Samstarfssamningur er á milli Applicon í Bretlandi og SAP UK um markaðssetningu og sölu á SAP til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Nokkur halli var á rekstri fyrirtækisins vegna stofnkostnaðar á árinu.

Applicon í Svíþjóð

Í ársbyrjun stofnaði Applicon Holding fyrirtækið Applicon A/B með reyndum sænskum ráðgjöfum. Megináhersla fyrirtækisins er að þjónusta fyrirtæki í banka- og fjármálastarfsemi. Félagið hefur aðsetur í Stokkhólmi og voru starfsmenn í árslok 11 talsins.

Applicon-fyrirtækin hafa unnið að umfangsmiklum uppsetningum fyrir Kaupþing í Svíþjóð og Finnlandi og hafa unnið að ráðgjöf og tilboðsgerð fyrir viðskiptavinum í þessum löndum. Auk innri vaxtar hefur verið unnið að því að útvíkka starfsemi Applicon í Svíþjóð með sameiningu félaga sem starfa á svipuðum vettvangi.



ParX ehf.

ParX ehf. er leiðandi ráðgjafar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur með viðskiptavinum sínum að því að hámarka árangur þeirra og verðmætasköpun. Ráðgjafarstarfsemi ParX greinist í fimm fagsvið: stjórnunarráðgjöf, fjármálaráðgjöf, opinbera stjórnsýsluráðgjöf, markaðsráðgjöf og mannauðsráðgjöf.

Árangur skapar traust

Rekstur ParX gekk mjög vel á árinu og voru tekjur og afkoma umfram áætlanir. Góður árangur náðist í verkefnum ársins og hefur ParX tekist að byggja upp langvarandi tengsl og traust við viðskiptavinum sína. Þetta skiptir sköpum fyrir áframhaldandi vaxtarmöguleika þar sem mikilvægt er að varanleg sérþekking á starfsemi viðskiptavina byggist upp innan fyrirtækisins.

Fjölbreytt verkefni

Verkefnastaða ParX var mjög góð og fjölgaði starfsmönnum um 5 á árinu. Öflugir ráðgjafar bættust í hópinn sem hafa aukið enn frekar sérþekkingu innan fyrirtækisins, meðal annars á sviði stefnumótunar, gæðastjórnunar og ferlahönnunar. Aukin þekking innan ParX og nánara samstarf við erlenda aðila hefur gert fyrirtækinu kleift að fást við sífellt viðameiri og fjölbreyttari verkefni.

Mannauðsráðgjöf ParX gerði á árinu jafnréttislaunaúttekt á launagreiðslum 102 fyrirtækja í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Sú rannsókn byggðist á gögnum úr gagnasafni ParX sem nær til launa rúmlega 6.300 starfsmanna hjá rúmlega 100 fyrirtækjum. Meðal verkefna erlendis var stjórnendamat hjá asísku olíufyrirtæki og hönnun og þróun verkferla við innleiðingu og stjórnun breytinga fyrir Evrópsku flugumferðarstofnunina, Eurocontrol, í samstarfi við danska ráðgjafarfyrirtækið Integra og Danska tækniháskólann, DTU.

ParX vinnur að fjölbreyttum verkefnum fyrir ráðuneyti, sveitarfélög og aðrar opinberar stofnanir á hverju ári. Meðal verkefna var gerð viðskiptaáætlunar um rafræna þjónustugátt fyrir www.island.is á vegum forsætisráðuneytisins og mótun stjórnskipulags fyrir nýtt ráðuneyti félags- og tryggingamála.

Meðal verkefna í fjármálaráðgjöf var verðmat á eignarhluta ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, virðismat fasteigna á varnarliðssvæðinu í Reykjanesbæ og samanburður á fjárhag sveitarfélaga sem unninn var fyrir fjármálaráðuneytið.



Dansupport A/S

DANSUPPORT

Nýherji keypti í maí 2007 fyrirtækið Dansupport A/S sem er með höfuðstöðvar í Óðinsvéum í Danmörku. Kaupverðið var 190 milljónir. Kaupin eru í samræmi við þá stefnu félagsins að auka starfsemi samstæðunnar erlendis. Dansupport var stofnað árið 1987 og selur smáum og meðalstórum fyrirtækjum lausnir á sviði samþættra samskiptalausna og bestunar upplýsingakerfa, s.s. miðlara, gagnageymslulausnir, IP-símkerfi, netbúnað og hugbúnað. Þá sinnir Dansupport tækniþjónustu og annast hýsingu. Helstu samstarfsaðilar Dansupport eru IBM, Avaya, Cisco, Citrix og Microsoft í Danmörku. Dansupport hefur einnig þróað eigin vörur og má þar helst nefna netMonitor, sem er lausn fyrir fjareftirlit og fjarþjónustu með tölvubúnaði, og Liquid, lausn fyrir hótél og stofnanir sem selja aðgang að þráðlausum netum.

Á árinu var ráðist í umtalsverðar fjárfestingar til að efla reksturinn og voru opnaðar tvær nýjar skrifstofur; í Kaupmannahöfn og Kolding á Jótlandi. Fjárfestingarnar eru liður í að styrkja starfsemi Dansupport og auka markaðshlutdeild fyrirtækisins á dönskum upplýsingatæknimarkaði. Starfsmenn voru 27 þegar Nýherji keypti fyrirtækið en í lok árs hafði þeim fjölgað í 42.

Ráðgjafar með mikla reynslu og þekkingu hafa bæst í hóp þeirra sem fyrir voru hjá fyrirtækinu. Auk þess hafa starfsmenn Nýherja sem þegar voru að störfum í Danmörku flust yfir til Dansupport.

Stefnt er á áframhaldandi uppbyggingu rekstursins á næsta ári með innri og ytri vexti. Áætlað er að tekjur Dansupport tvöfaldist á næsta ári og að fjöldi starfsmanna verði um 60 í lok ársins 2008. Verður lögð rík áhersla á að styrkja tengslin við núverandi samstarfsaðila auk þess að byggja upp ný sambönd við mikilvæga birgja.

Linkur ehf.

Linkur

Nýherji keypti í mars öll hlutabréf í félaginu Link ehf. sem er umboðs- og dreifingaraðili á vörum frá Sony, Panasonic og fleiri þekktum framleiðendum. Fyrsta starfsár félagsins var mjög gott og umfram áætlanir. Linkur var stofnaður árið 2000 og er heildsölufyrirtæki á rafeindatækjum til helstu seljenda slíks búnaðar á landinu. Markmiðið með kaupunum var að styrkja framboð Nýherja á sviði hljóð- og myndlausna. Fyrirtækið er rekið sem dótturfélag Nýherja og hefur starfsemin verið styrkt m.a. með kaupum á Sony Center í Kringlunni og með flutningi á ljósvakamiðladeild Nýherja yfir í Link.

SimDex ehf.

SIMDEX

SimDex ehf. er dótturfélag Nýherja sem starfar að þróun, rekstri og sölu á rafrænum færslumiðlunarhugbúnaði. Félagið var stofnað árið 2000 og hjá því starfa sex sérfræðingar á sviði hugbúnaðar og verkfræði. Undanfarin ár hefur SimDex unnið að hönnun og þróun á hugbúnaði fyrir birgðahald og greiðslur á rafrænum vörum og þjónustu, svo sem fyrir farsímakort, miðasölu og aðrar rafrænar vörur. Ör þróun hefur verið á markaði fyrir slíkar vörur á síðustu árum því með rafrænni dreifingu fylgir lægri dreifingarkostnaður og aukið hagræði fyrir notendur.

SimDex-kerfið er m.a. notað af dreifingaraðila símakorta í Danmörku og Sviss, en einnig hefur kerfið verið sett upp fyrir aðila í Austurlöndum nær, Mið-Austurlöndum og Afríku. Félagið hefur unnið mikið markaðsstarf á þessum svæðum, en á þessum mörkuðum er farsímanotkun að mestu leyti forgreidd. Sérfræðingar SimDex hafa annast uppsetningu færslumiðlunarkerfisins fyrir viðskiptavinum á þessu markaðssvæði en þjónustu við hugbúnaðinn er stjórnað miðlægt frá Íslandi.

SimDex undirritaði á árinu tvíhliða samning við alþjóðlega fyrirtækið Ingenico í Frakklandi, einn stærsta posaframleiðanda í heimi, um samhliða sölu SimDex-kerfisins og greiðslukortaposa frá Ingenico. Söluhorfur eru jákvæðar, bæði á núverandi og nýjum mörkuðum.

Klak ehf.

klak NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ

Klak ehf. er nýsköpunarhús sem kemur að mótun, mati og útfærslu viðskiptahugmynda sem byggjast á nýsköpun og upplýsingatækni. Nýherji hefur undanfarin sjö ár rekið nýsköpunarmiðstöðina og stýrt starfsemi Seed Forum á Íslandi sl. þrjú ár. Árangur af þeirri starfsemi hefur verið góður.

Nýherji og Háskólinn í Reykjavík ákváðu í september að sameina starfsemi sína á sviði þjónustu við frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtæki undir nafninu Klak nýsköpunarmiðstöð ehf. og á Háskólinn í Reykjavík nú 20% hlut í fyrirtækinu. Tilgangurinn er að efla þessa starfsemi í landinu. Klak vill ná enn nánari tengslum við atvinnulífið í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og stefnir að forystu í frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun með þátttöku í uppbyggingu og rekstri frumkvöðlasetursins.



Áformað er að Klak ehf. útvíkki núverandi starfsemi og stefnt að því að bjóða öðrum fyrirtækjum eignaraðild. Markmiðið er að laða að félaginu fyrirtæki sem vinna að nýsköpun og halda þannig áfram uppbyggingu og þróun starfseminnar. Mikilvægt er að stór og framsækin fyrirtæki komi í ríkari mæli að uppbyggingu frumkvöðlastarfsemi til hagsbóta fyrir nýsköpunar- og þróunarstarfsemi á Íslandi þar sem hún skapar hagvöxt til framtíðar.



Heimilið er griðastaður einstaklinga og fjölskyldna þar sem öryggi, hlýja og þægindi eru í fyrirrúmi. Nýherji leggur til fjölda gæðalausna fyrir heimilið, má þar nefna tölvu- og prentbúnað, staf-rænar myndavélar, hljómtæki og flatskjái. Lausnir frá Nýherja lífga upp á heimilið.

Mannauður

Hjá Nýherja og dótturfélögum voru í lok árs 482 stöðugildi í fjórum löndum. Starfsmönnum Nýherja samstæðunnar fjölgaði um 132 á árinu, þar af 58 á Íslandi og 74 erlendis. Stærsti hluti starfsmanna Nýherja starfar á Íslandi eða um 361. Starfsmenn Nýherja og dótturfélaga skipa höfuðsess í velgengni fyrirtækjanna og miðar starfsmannastefna félagsins að því að starfsmenn njóti ánægju og velferðar í störfum sínum.



Hæfasta starfsfólkið sem völ er á

Nýherji leggur ríka áherslu á að ráða hæfasta starfsfólkið sem völ er á. Mikil samkeppni ríkir um starfsfólk á þeim vettvangi sem Nýherji starfar á og því er mikilvægt að fagleg sjónarmið og vönduð vinnubrögð séu ávallt höfð í fyrirrími við ráðningar. Nýherji býður kjör og aðbúnað sem eru samkeppnishæf á markaði og vandað er til móttöku nýrra starfsmanna þannig að þeir nái árangri og verði hluti af hópnum sem allra fyrst.

Sérstaða með þekkingu starfsfólks

Nýherji kappkostar að hjá fyrirtækinu starfi ætíð hæft og vel þjálfað starfsfólk og ver félagið á annað hundrað milljónum á ári hverju til uppbyggingar á þekkingu og færni starfsmanna. Starfsfólki býðst að taka þátt í námskeiðum sem sérsniðin eru að starfi þeirra og fagsviði en samhliða því er boðið upp á almenna fræðslu. Þannig gefst starfsmönnum færi á að efla sig jöfnum höndum í leik og starfi.

Þekking starfsmanna og færni ræður miklu um stöðu Nýherja gagnvart viðskiptavinum, birgjum og öðrum samstarfsaðilum. Fyrirtækið hefur lagt áherslu á að skapa sér sérstöðu með þekkingu starfsmanna. Þessi stefna hefur skapað fyrirtækinu sterka stöðu hjá öllum lykilbirgjum og traust hérlendis sem erlendis hjá viðskiptavinum félagsins.

Heilbriggt líferni

Starfsmenn Nýherja eru hvattir til heilbrigðra lífshátta. Þeir fá styrk til iðkunar líkamsræktar og er boðin heilsuráðgjöf frá trúnaðarlækni sem mætir reglulega í höfuðstöðvar félagsins. Nýherji styður einnig við íþróttafélög starfsmanna þar sem hreyfingu og heilsurækt er gert hátt undir höfði. Stefna þessi var undirstrikuð með sérstökum heilsumánuði þar sem lögð var áhersla á hollt og fjölbreytt fæði í mótuneyti fyrirtækisins og víðtæka almenna fræðslu.

Jöfn tækifæri starfsmanna

Markmið jafnréttisstefnu Nýherja er að tryggja jöfn tækifæri starfsmanna þannig að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum. Þannig er tryggt að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best og starfshættir stundaðir sem stuðla að jafnrétti.

Jafnréttisstefna Nýherja kveður á um að starfsmenn Nýherja njóti sambærilegra kjara og réttinda óháð kyni, trúarbrögðum, kynhneigð, fötlun eða öðrum skilgreiningum. Greidd eru jöfn laun og sömu kjör fyrir sambærileg störf. Mælingar á árangri eru notaðar sem víðast í fyrirtækinu og þær tengdar launum þar sem því verður við komið.

Sveigjanleiki og jafnvægi vinnu og einkalífs

Nýherji stuðlar að jafnvægi vinnu og einkalífs. Með sveigjanlegum vinnutíma og notkun fjarvinnulausna opnast félaginu og starfsmönnum leiðir til sveigjanleika í starfi. Stór hluti starfsmanna hérlendis og erlendis getur þannig sinnt viðskiptavinum óháð staðsetningu til hagsbóta fyrir starfsmanninn, fyrirtækið og viðskiptavininn.

Starfsmannafélag

Innan Nýherja og dótturfélaga er starfandi öflugt starfsmannafélag, STAFN, sem hefur forgöngu um félags- og menningarlíf starfsmanna, svo sem með ferðalögum, skemmtisamkomum, leikhúsferðum o.fl. Innan STAFN starfa einnig fjölmargir áhugahópar, svo sem fótboltafélag, golffélag, skokkfélag og jeppaklúbbur. Starfsfólk getur þannig tengt saman leik og starf með skemmtilegu móti.

Nýherji í samfélaginu

Samfélagsleg ábyrgð Nýherja hefst hjá fyrirtækinu sjálfu og í starfsmannastefnu þess. Kappkostað er að bjóða upp á góðan vinnustað og vinnuumhverfi og ná jafnvægi milli vinnuumhverfis og einkalífs. Öflug starfsmannafélög sjá jafnframt um að samstarfsmenn geti átt ánægjulegar stundir saman utan vinnutíma sem eykur samkennd og skapar persónulegra vinnuumhverfi.

Stuðningur við menntun

Nýherji styrkir valin verkefni í íslensku samfélagi og eiga þau það öll sammerkt að tengjast menntun, uppeldi og skólum. Það er skoðun félagsins að aukið þekkingarstig í þjóðfélaginu nýtist ekki bara upplýsingatæknifyrirtækjum eins og Nýherja, heldur sé góð menntun og miðlun þekkingar grundvallarskilyrði fyrir lífsgæðum þjóðarinnar. Því hefur Nýherji tekið þátt í verkefnum sem tengjast skólastofnunum og menntun á öllum skólastigum, allt frá leikskóla og upp á háskólastig. En stuðningur Nýherja við þróun og uppbyggingu þekkingar nær lengra því með þátttöku sinni í rekstri dótturfélagsins Klaks hefur fyrirtækið stuðlað að vexti íslenskra sprotafyrirtækja og aukinni þekkingu innan þeirra, sem síðan skilar sér til samfélagsins í öflugri og fjölbreyttari nýsköpun í atvinnulífinu.

Áhersla á umhverfið

Nýherji gerir sér sérstakt far um að tryggja að starfsemi fyrirtækisins sé eins umhverfisvæn og kostur er. Eðli starfseminnar er slíkt að reglulega þarf að farga búnaði á borð við tölvur, tölvuskjái, prentara o.fl. Reynt er eftir fremsta megni að endurvinna það sem til fellur. Sé þess ekki kostur fer förgun fram í samvinnu við Hringrás ehf. sem starfar í samræmi við ítrustu umhverfisverndarstaðla.

Erlendir birgjar Nýherja hafa jafnframt lagt mikið upp úr því að gera vörur sínar og framleiðsluaðferðir eins umhverfisvænar og kostur er. Eftir úttekt á raftækjaframleiðendum útnefndu umhverfisverndarsamtökin Greenpeace tölvuframleiðandann Lenovo umhverfisvænsta raftækjaframleiðandann. Þá hefur Lenovo kynnt umhverfisvænsta tölvuskjáinn sem komið hefur á markað til þessa. IBM hefur hlotið verðlaun umhverfisstofnunar Bandaríkjanna vegna hugvits- og framtaksemi við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hefur fyrirtækið sett fram markmið um að draga úr orkunotkun tölva um 50% fyrir árið 2010. Þá leggur Canon ríka áherslu á að þróa vörur og framleiðsluaðferðir sem byggjast eins mikið á endurvinnslu og umhverfisvernd og kostur er en það er í samræmi við ítarlega umhverfisstefnuskrá félagsins.



Skóli er mikilvægur áfangastaður í lífi sérhvers einstaklings enda hefur dvölin þar mótandi áhrif sem ná langt út fyrir skólalóðina. Nýherji býður upp á góðar heildarlausnir fyrir öll stig menntakerfisins sem miða að því að lækka kostnað, auka þægindi og tryggja öryggi. Lausnir frá Nýherja efla starf skóla.

Stjórn og stjórnendur



Stjórn Nýherja, f.v.: Örn Jónsson varaformaður, Benedikt Jóhannesson stjórnarformaður, Árni Vilhjálmsson varaformaður og Guðmundur Jóh. Jónsson stjórnarmaður.



Þórður Sverrisson hefur verið forstjóri Nýherja frá 1. apríl 2001. Áður starfaði Þórður hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands, lengst af sem framkvæmdastjóri flutningssviðs. Þórður er viðskiptafræðingur (Cand. Oecon) frá Háskóla Íslands og stundaði einnig framhaldsnám við Viðskiptaháskólann í Gautaborg.



Þorvaldur Jacobsen er framkvæmdastjóri Kjarnalausna og hefur verið framkvæmdastjóri hjá Nýherja frá 2001. Áður var Þorvaldur framkvæmdastjóri Vísir.is, sölu- og markaðsstjóri Teymis hf. og sölustjóri hjá Opnum Kerfum. Þorvaldur er rafmagnsverkfræðingur frá Háskóla Íslands, með BS-gráðu í tölvunarfræði frá sama skóla og meistara-gráðu í verkfræði frá University of Texas í Austin.



Erling Ásgeirsson er framkvæmdastjóri Notendalausna og hefur verið framkvæmdastjóri hjá Nýherja frá 1992. Áður starfaði Erling sem sérfræðingur á tæknideild IBM á Íslandi. Erling er með meistaráttindi í rafeindavirkjun. Hann er einnig formaður bæjarráðs í Garðabæ.



Emil Einarsson er framkvæmdastjóri sölusviðs og hefur verið framkvæmdastjóri og sölustjóri hjá Nýherja frá 1992. Áður starfaði Emil sem söluráðgjafi hjá IBM á Íslandi. Emil er viðskiptafræðingur (Cand. Oecon) frá Háskóla Íslands og með MBA-gráðu frá George Washington University.



Þór Konráðsson er fjármálastjóri Nýherja og hefur gegnt því starfi frá 1992. Áður starfaði Þór sem aðalbókari hjá IBM á Íslandi. Þór lauk fil. kand. prófi í þjóðhagfræði frá Háskólanum í Lundi með hagsögu og heimspeki sem aukagreinar.



Sturla Jóhann Hreinsson er starfsmannastjóri Nýherja og hefur gegnt því starfi frá júlí 2003. Hann starfaði áður að rannsóknnum við IESE viðskiptaháskólann í Barcelona og sem deildarstjóri starfsþróunar hjá Símanum. Sturla er með meistara-gráðu í vinnusálfræði frá Árósháskóla og BA-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands.



Friðrik Þ. Snorrason er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Nýherja en gegndi áður starfi markaðsstjóra Nýherja frá árinu 2003. Þar áður starfaði Friðrik sem forstöðumaður hagdeildar Strax Inc. í Bandaríkjunum. Friðrik er með meistara-gráðu í alþjóðasamskiptum frá London School of Economics og BA-gráðu í sama fagi frá University of Wisconsin.



Kristján Jóhannsson er framkvæmdastjóri AppliCon ehf. en var áður framkvæmdastjóri hugbúnaðarlausna Nýherja frá 1998. Þar áður starfaði Kristján sem forstöðumaður hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands og sem hagfræðingur alþjóðamála hjá VSI. Kristján er viðskiptafræðingur frá Viðskiptaháskólanum í Árósum í Danmörku og rekstrarhagfræðingur (M.Sc.) frá sama skóla.



Þorsteinn Þorsteinsson hefur verið framkvæmdastjóri ParX ehf. frá september 2005. Þorsteinn hefur unnið hjá ParX og fyrirrennnum þess, PricewaterhouseCoopers, PwC Consulting og IBM, frá árinu 1998. Þar áður starfaði hann hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands. Þorsteinn er véla- og iðnaðarverkfræðingur frá Álaborgarháskóla og með meistara-gráðu í rekstrarverkfræði frá sama skóla.

Stjórnarhættir

Nýherji hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórn Nýherja hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira.

Stjórn félagsins fylgir „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins árið 2004, að öðru leyti en því að ekki hafa verið skipaðar endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, þar sem stjórn félagsins telur þeirra ekki þörf.

Yfirlýst markmið leiðbeininganna eru að:

1. Stuðla að góðum stjórnarháttum fyrirtækja á Íslandi.
2. Auðvelda stjórnarmönnum og stjórnendum hlutafélaga að rækja skyldur sínar og stuðla að vexti og viðgangi þeirra sem þeim er trúað fyrir.
3. Tryggja traust á fyrirtækjum og á atvinnurekstri almennt.
4. Stuðla að trúnaði milli fjárfesta og stjórnenda.
5. Auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að tryggja að kröfur um stjórnarhætti samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í nágrannalöndunum.
6. Auðvelda væntanlegum erlendum fjárfestum að gera sér grein fyrir þeim stjórnarháttum sem tíðkast á Íslandi þegar þeir meta hvort þeir ætli að fjárfesta hér.
7. Auðvelda aðgang íslenskra fyrirtækja að fjármagni hérlendis og erlendis.
8. Gefa skýrari mynd af lögum um hlutafélög (nr. 2/1995), lögum um einkahlutafélög (nr. 138/1994) og annarri viðskiptalöggjöf.

Stjórn Nýherja

Stjórn Nýherja hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin ákveður stefnu félagsins og skal hafa ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, ákveður skipulag þess og fylgir eftir að starfsemin sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórnin er skipuð þremur mönnum og einum til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins a.m.k. sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að mættir séu þrír stjórnarmenn eða tveir stjórnarmenn ásamt varamanni.

Hlutverk forstjóra

Forstjóri, sem stjórn ræður, er ábyrgur fyrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar. Þá er það hlutverk forstjóra að tryggja að starfsemi fyrirtækisins sé í samræmi við samþykktir félagsins og gildandi löggjöf hverju sinni.

Hluthafafundir

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda. Aðalfundur skal haldinn í fyrir lok júnímánaðar ár hvert og hluthafafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hlutafjár í félaginu. Krafa um hluthafafund skal gerð skriflega, fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan tveggja vikna. Til hluthafafundar skal boða með birtingu auglýsingar í dagblaði eða með öðrum sambærilegum hætti. Aðalfundi skal boða með tveggja vikna fyrirvara en aðra hluthafafundi með viku fyrirvara og fundarefni skal getið í fundarboði. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.

Breytingar á samþykktum félagsins



Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Endurskoðendur

Endurskoðendur félagsins eru kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi 2007 var KPMG hf. kjörinn endurskoðandi félagsins fyrir árið 2007.



Áhættustýring

Upplýsingar um áhættustýringu má finna á bls. 50-51 í ársreikningi.



Hluthafar

Nýherji hf. er skáð hlutafélag í Kauphöll OMX á Íslandi (OMX) undir merkinu NYHR. Virkir hlutir í lok ársins 2007 voru 225.635.000 hlutir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Hlutabréf í Nýherja (NYHR) hækkuðu um 50,6 prósent á árinu. Á sama tíma lækkaði Úrvalsísitölan OMXI-15 um 3,2%. Lægst stóð gengi Nýherja í 15,2 í upphafi árs en hæst fór það í 23,7 í nóvember. Lokaskráning var á gengi 23,2.



10 stærstu hluthafar í Nýherja 31.12.2007

Nafn hluthafa	Fjöldi hluta	Hlutfallseign
Vogun hf	67,774,000	30.04%
Áning-fjárfestingar ehf	32,683,954	14.49%
Benedikt Jóhannesson	21,773,240	9.65%
Gildruklettur ehf	20,935,129	9.28%
Fiskveiðahlutafélagið Venus hf	12,201,200	5.41%
Benedikt Sveinsson	9,303,213	4.12%
Den Danske Bank A/S	8,548,600	3.79%
Audur Invest Holding SA	5,487,765	2.43%
Þórður Sverrisson	5,289,887	2.34%
Hólmur ehf	5,020,000	2.22%

Arður

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins hefur á undanförunum árum lagt til við aðalfund að um þriðjungur hagnaðar hvers árs sé að jafnaði greiddur til hluthafa.

Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við nokkra stjórnendur sem heimila þeim að kaupa hluti í félaginu á árunum 2007-2010 að nafnvirði 7 milljónir króna á genginu 14. Kostnaður vegna samninganna, sem reiknaður er samkvæmt aðferð Black-Scholes, verður færður á samningstímabilinu meðal launa og launatengdra gjalda og til mótvægis á sérstakan lið meðal eigin fjár.

Væntanlegt hlutafjárútböð


Í tengslum við kaup Nýherja á TM Software ráðgerir félagið að gefa út nýtt hlutafé að nafnvirði allt að 65 m.kr. til þess að fjármagna kaupin að hluta. Þetta hlutafé verður boðið til kaups á genginu 22 og eru því 1.430 milljónir króna fjármagnaðar með sölu hlutafjár. Eftirstöðvar kaupverðisins verða fjármagnaðar með lánsfé og úr sjóðum félagsins. Nýherji mun bjóða öðrum hluthöfum í TM Software að selja sinn hlut á sömu kjörum og þeir sem þegar hafa samið um sölu sinna hluta.



Hótel eru einn mikilvægasti þáttur ferðaþjónustunnar sem á skömmum tíma er orðin ein öflugasta atvinnugrein þjóðarinnar. Nýherji leggur grunninn að öruggum rekstri hótela, m.a. með öflugum hugbúnaðarlausnum og heildarlausnum í hljóði og mynd. Lausnir frá Nýherja tryggja ánægjulega upplifun hótél- og ráðstefnugesta.

Skipurit Nýherja

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina.



Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	36
Áritun óháðra endurskoðenda.....	38
Rekstrarreikningur ársins 2007	39
Efnahagsreikningur 31. desember 2007.....	40
Eiginfjárfirlit 2007	41
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2007	42
Skýringar.....	43
Fimm ára yfirlit	68
Ársfjórðungayfirlit.....	69

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rekstur ársins 2007

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Nýherja hf. og dótturfélaga, sem voru sjö í árslok 2007. Sex dótturfélög eru í eigu dótturfélaga félagsins, þannig að í samstæðunni eru fjórtán félög.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins 420 millj. kr. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 11,301 millj. kr. á árinu. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2007 var 1,764 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Nýherji undirritaði í október 2007 samning um kaup á 77% hlutfjár í TM Software ehf. Áreiðanleikakönnun er lokið, en niðurstöður liggja ekki fyrir vegna ólokinnar samninga TM Software ehf. við erlenda aðila. Fyrirhugað er að ljúka samningi við núverandi eigendur fyrir lok janúar 2008.

Hlutfé í árslok skiptist á 254 hluthafa, en þeir voru 287 í ársbyrjun og fækkaði því um 33 á árinu. Í árslok 2007 áttu tveir hluthafar yfir 10% af virkum eignarhlut í félaginu, en þeir eru:

Vogun hf.	30,04%
Áning-fjárfestingar ehf.	14,49%

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 0,60 kr. á hlut í arð til hluthafa á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007 eða 134 millj. kr. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 235 millj. kr., en félagið á eigin hluti að nafnverði 9 millj. kr. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er í Kauphöll Íslands. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Gerðir hafa verið kaupréttarsamningar við nokkra stjórnendur samstæðunnar, þar sem þeir eiga rétt til að kaupa hluti í félaginu á genginu 14 á þriggja ára tímabili, enda starfi þeir þá fyrir félagið. Gerð er nánari grein fyrir kaupréttaráætlun félagsins í skýringu nr. 23. Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins um 36 millj. kr. með sölu nýrra hluta. Stjórnin skal ákveða útboðsgengi og sölureglur. Stjórn félagsins hefur heimild til að kaupa allt að 10% af nafnverði hlutfjár félagsins, enda sé kaupverð ekki meira en 20% hærra eða lægra en síðasta skráð gengi í Kauphöll Íslands.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3-hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

Stjórnunarhættir

Stjórn Nýherja hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra, hittir endurskoðendur félagsins reglulega og hefur ráðið innri endurskoðanda. Allir þrír stjórnarmenn eru óháðir félaginu samkvæmt skilgreiningu í grein 2.6 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2007, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Nýherja hf. hafa í dag rætt um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2007 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 18. janúar 2008.

Í stjórn félagsins:

Benedikt Jóhannesson, formaður

Árni Vilhjálmsson

Guðmundur J. Jónsson

Forstjóri:

Þórður Sverrisson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Nýherja hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Nýherja hf. og dótturfélaga ("samstæðan") fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstremisfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2007, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 18. janúar 2008.

KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson

Ólafur Már Ólafsson

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Seldar vörur og þjónusta		11.301.427	8.646.123
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu		(6.317.906)	(4.859.093)
Vergur hagnaður		4.983.521	3.787.030
Aðrar tekjur.....		53.761	38.703
Laun og launatengd gjöld	8	(3.294.902)	(2.407.707)
Annar rekstrarkostnaður		(1.036.391)	(735.553)
Afskriftir.....	12	(105.801)	(98.831)
Rekstrarhagnaður		600.188	583.642
Fjármunatekjur	10	60.450	52.215
Fjármagnsgjöld	10	(156.348)	(225.029)
Hrein fjármagnsgjöld		(95.898)	(172.814)
Áhrif hlutdeildarféлага að frádragnum tekjuskatti	14	3.898	(5.718)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		508.188	405.110
Tekjuskattur	11	(88.258)	(99.484)
Hagnaður ársins		419.930	305.626
Skipting hagnaðar:			
Hluthafar móðurfélags		415.745	303.661
Hlutdeild minnihluta		4.185	1.965
Hagnaður ársins		419.930	305.626
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður á hlut	20	1,86	1,39
Þynntur hagnaður á hlut	20	1,85	1,39

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarfjármunir.....	12	1.154.792	1.065.898
Óefnislegar eignir.....	13	1.178.496	925.497
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	14	13.553	9.740
Skuldabréfaeign og samningar.....	15	16.876	50.910
Fastafjármunir		<u>2.363.717</u>	<u>2.052.045</u>
Birgðir.....	16	693.576	485.984
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	17	2.486.115	1.738.179
Handbært fé.....	18	117.882	272.052
Veltufjármunir		<u>3.297.573</u>	<u>2.496.215</u>
Eignir samtals		<u>5.661.290</u>	<u>4.548.260</u>
Hlutfafé.....		225.635	223.201
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfafjár.....		153.266	126.089
Annað bundið eigið fé.....		29.361	12.152
Óráðstafað eigið fé.....		<u>1.341.450</u>	<u>1.026.156</u>
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		<u>1.749.712</u>	<u>1.387.598</u>
Hlutdeild minnihluta.....		14.249	9.441
Eigið fé samtals	19	<u>1.763.961</u>	<u>1.397.039</u>
Skuldir:			
Vaxtaberandi skuldir.....	21	1.110.529	1.278.952
Tekjuskattsskuldbinding.....	22	70.104	61.923
Langtímaskuldir		<u>1.180.633</u>	<u>1.340.875</u>
Vaxtaberandi skuldir.....	21	553.359	291.070
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....		<u>2.163.337</u>	<u>1.519.276</u>
Skammtímaskuldir		<u>2.716.696</u>	<u>1.810.346</u>
Skuldir samtals		<u>3.897.329</u>	<u>3.151.221</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.661.290</u>	<u>4.548.260</u>

Eiginfjáryfirlit 2007

	Hlutfafé	Yfirverðs- reikningur innborgaðs hlutfafjár	Annað bundið eigið fé	Óráð- stafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móður- félagsins	Hlutdeild minni- hluta	Eigið fé samtals
Árið 2006							
Eigið fé 1.1.2006.....	246.408	252.520	(29.629)	927.929	1.397.228	0	1.397.228
Þýðingarmunur dótturfélaga.....			34.606		34.606		34.606
Hagnaður ársins.....				303.661	303.661	1.965	305.626
Heildarhagnaður ársins.....			34.606	303.661	338.267	1.965	340.232
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga.....			7.175		7.175		7.175
Keypt eigin hlutabréf.....	(46.300)	(252.520)		(342.356)	(641.176)		(641.176)
Seld eigin hlutabréf.....	23.093	126.089		174.122	323.304		323.304
Seldur minnihluti í dótturfélagi.....					0	7.476	7.476
Greiddur arður. 0.15 kr. á hlut.....				(37.200)	(37.200)		(37.200)
Eigið fé 31.12.2006.....	<u>223.201</u>	<u>126.089</u>	<u>12.152</u>	<u>1.026.156</u>	<u>1.387.598</u>	<u>9.441</u>	<u>1.397.039</u>
Árið 2007							
Eigið fé 1.1.2007.....	223.201	126.089	12.152	1.026.156	1.387.598	9.441	1.397.039
Þýðingarmunur dótturfélaga.....			(3.989)		(3.989)		(3.989)
Hagnaður ársins.....				415.745	415.745	4.185	419.930
Heildarhagnaður ársins.....			(3.989)	415.745	411.756	4.185	415.941
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga.....			12.298		12.298		12.298
Keypt eigin hlutabréf.....	(1.005)	(21.113)			(22.118)		(22.118)
Seld eigin hlutabréf.....	3.439	48.290			51.729		51.729
Seldur minnihluti í dótturfélagi.....						2.483	2.483
Greiddur arður. 0.45 kr. á hlut.....				(100.451)	(100.451)	(1.860)	(102.311)
Bakfært hlutfafé vegna ónýtts söluréttar.....			8.900		8.900		8.900
Eigið fé 31.12.2007.....	<u>225.635</u>	<u>153.266</u>	<u>29.361</u>	<u>1.341.450</u>	<u>1.749.712</u>	<u>14.249</u>	<u>1.763.961</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		419.930	305.626
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	12	105.801	98.831
Hagnaður af sölu eigna og matsbreyting eignarluta		(10.733)	(17.849)
Áhrif hlutdeildarféлага		(3.898)	5.718
Hrein fjármagnsgjöld		95.898	172.814
Tekjuskattur		88.258	99.484
		<u>695.256</u>	<u>664.624</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir. hækkun		(207.592)	(99.430)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun.....		(747.936)	(73.182)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		608.224	(154.416)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(347.304)</u>	<u>(327.028)</u>
Innheimtar vaxtatekjur		40.973	28.648
Greidd vaxtagjöld		(149.084)	(154.325)
Greiddur tekjuskattur.....		(83.471)	(26.037)
Handbært fé frá rekstri		<u>156.370</u>	<u>185.882</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12	(168.866)	(96.283)
Söluverð rekstrarfjármuna		2.033	2.033
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé	7	(221.445)	(30.000)
Söluverð eignarluta í öðrum félögum		22.491	34.800
Langtímakröfur. hækkun		0	(2.249)
Langtímakröfur endurgreiddar		34.034	13.579
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(331.753)</u>	<u>(78.120)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Keypt eigin hlutabréf		(22.118)	(641.176)
Seld eigin hlutabréf		51.729	323.304
Greiddur arður		(102.311)	(37.200)
Tekin ný langtímalán		0	1.011.020
Afborganir langtímalána		(154.497)	(508.496)
Skammtímaskuldir. hækkun (lækkun)		251.671	(121.317)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>24.474</u>	<u>26.135</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....		(150.909)	133.897
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(3.261)	16.371
Handbært fé í ársbyrjun		272.052	121.784
Handbært fé í árslok		<u>117.882</u>	<u>272.052</u>

Skýringar

1. Félagið

Nýherji hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Borgartúni 37, Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2007 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturféлага þess (sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra féлага sem "samstæðuféлага") og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagum.

Hlutverk félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun hugbúnaðar, sölu á tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 18. janúar 2008.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri undurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Skýring 7 – fjárfesting í dótturfélögum.

Skýring 13 – mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild.

Skýring 23 – mat kaupréttarsamninga.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni.

Tilteknar samanburðarfjárhæðir hafa verið endurflokkaðar til samræmis við framsetningu í ársreikningi 2007.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturféлага eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturféлага hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til til laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður 20 - 50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar innifelur viðskiptavild, sem verður til við kaupin, að frádreginni virðisýrnun, ef einhver er. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags (að meðtalinni langtímafjármögnun þess) er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

(iii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisýrnunar þessara félaga.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendra starfsemi, ásamt viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendra starfsemi eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti greinir hér á eftir.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður. Gjaldkræf yfirdráttarlán banka, sem er órjúfanlegur hluti fjárstýringar samstæðunnar, telst til handbærs fjár í sjóðstreymisyfirliti samstæðunnar.

Í skýringu 3(l) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjárfestingar til gjalddaga

Þegar samstæðan hefur bæði fyrirætlanir og getu til að eiga skuldabréf til gjalddaga flokkast þau sem fjárfestingar til gjalddaga. Slíkar fjárfestingar eru færðar í ársreikningi á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisýrnun þegar við á.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu hans í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisýrnun þegar við á.

(ii) Afleiðusamningar

Samstæðan gerir afleiðusamninga til að takmarka gengisáhættu vegna rekstrarstarfsemi. Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Eftir upphafs færslu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning meðal fjármagnsliða.

Hagrænar varnir

Áhættuvarnarreikningsskilum er ekki beitt vegna afleiðusamninga sem ætlað er að verja peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gangvirðisbreytingar slíkra afleiðusamninga eru færðar sem gengismunur í rekstrarreikningi.

(iii) Hlutafé

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutafjár og hlutabréfavalrétta er færður til lækkunar á eigin fé.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár.

Sala á eigin hlutum með sölurétti

Þegar félagið selur eigin hluti til starfsmanna sinna og veitir þeim á sama tíma sölurétt, það er rétt til að selja hlutina aftur á tilteknum tíma á sama verði og þeir keyptu bréfin, er eigið fé félagsins ekki hækkað. Eigið fé verður hækkað sem nemur söluverðinu ef sölurétturinn verður ekki nýttur. Í ársreikningnum er nafnverð hlutafjár hækkað sem nemur sölunni, sem og yfirverð hlutanna, en annað eigið fé lækkað samsvarandi. Jafnframt er færð meðal skulda skuldbinding vegna söluréttarins, sem er jafnhá söluverðinu.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettur úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði í heild, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annarra gjalda.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Áhöld og tæki	4 ár
Innréttingar	5-7 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsgdegi.

e. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast til við kaup á dótturfélögum og hlutdeildarfélögum.

Yfirtökur fyrir 1. janúar 2004

Flokkun og reikningsskilaaðferðum vegna sameiningar fyrir 1. janúar 2004 var ekki breytt við upptöku samstæðunnar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þann dag. Viðskiptavild sem varð til við yfirtökur fyrir þann tíma var öll gjaldfærð.

Yfirtökur eftir 1. janúar 2004

Viðskiptavild sem orðið hefur til við kaup á dótturfélögum eftir 1. janúar 2004 er mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

Sjðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Bókfært verð viðskiptavildar hlutdeildarféлага er innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna.

f. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsteggi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

g. Virðisrýrnun

Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsteggi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Virðisrýrnun fjárfestinga til gjalddaga er bakfærð í rekstrarreikningi.

Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsteggi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar og fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar sem eignin tilheyrir er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörsteggi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

h. Hlunnindi starfsmanna

(i) Framlög í réttindatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatendra gjalda eftir því sem þau falla til.

(ii) Hlutaþréfatengdar greiðslur

Gangvirði kaupréttasamninga við starfsmenn er metið þann dag sem þeir eru veittir. Gangvirðið er gjaldfært sem launakostnaður, með samsvarandi hækkun eiginfjár, á það tímabil sem starfsmennirnir ávinna sér kauprétti. Gjaldfærð fjárhæð er leiðrétt með tilliti til fjölda áunninna kaupréttá.

i. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

(i) Ábyrgðir

Skuldbinding vegna ábyrgða er færð þegar vara eða þjónusta er seld. Mat á skuldbindingunni er byggð á fyrri reynslu vegna ábyrgða með því að veita saman mögulegar útkomur og líkur þeim tengdar.

(ii) Íþyngjandi samningar

Skuldbinding vegna íþyngjandi samnings er færð þegar áætlaður hagur samstæðunnar vegna samnings er lægri en óhjákvæmilegur kostnaður hennar við að uppfylla skuldbindingar samkvæmt honum. Skuldbindingin er metin sem núvirði hvors sem lægra er af kostnaði við að loka samningi eða hreinum kostnaði við að efna hann.

j. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna söluunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsteggi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

(ii) Rekstrarleigutekjur

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum undir liðnum aðrar tekjur.

k. Leigugreiðslur

(i) Rekstrarleigugjöld

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímabilinu.

l. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna, þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó.

m. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum að því marki sem talið er að móðurfélagið geti stýrt því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og talið er líklegt að hann muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær skattalega. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi. Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

n. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna.

o. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar, sem fæst við að bjóða skyldar vörur eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða skyldar vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er háður áhættu og ávinningi sem eru ólík áhættu og ávinningi af öðrum starfsþáttum.

Starfsþáttuupplýsingar eru birtar eftir sviðum annars vegar og eftir landsvæðum hins vegar. Aðal starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Verðlag milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökraenan hátt. Óskiptir liðir samanstanda mestmegnis af tekjum af eignum og kostnaði af vaxtaberandi skuldum.

Fjárfestingar starfsþátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna annarra en viðskiptavildar.

p. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Nokkrir nýir staðlar, breytingar á stöðlumum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2007 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings.

- IFRS 8 *Starfsþættir* segir til um hvernig félag skuli í reikningsskilum sínum gera grein fyrir upplýsingum er varða starfsþætti þess, vörur og þjónustu sem það selur, landsvæði þar sem það starfar og helstu viðskiptavinum þess. IFRS 8 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar og mun ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

- Í endurbættum IAS 23 *Lántökukostnaður* er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Endurbættur IAS 23 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum hennar. Ekki er gert ráð fyrir að þessar breytingar hafi áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar.

- IFRIC 11 *IFRS 2 – Viðskipti með eigin hluti í samstæðu* krefst þess að eignarhlutatengdar greiðslur þar sem félag fær vörur eða þjónustu sem greiðslu fyrir eigin eiginfjárgerninga skuli færa sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með eigin hlutum, óháð því hvernig eiginfjárgerninganna er aflað. IFRIC 11 gildir fyrir ársreikning samstæðunnar 2008, og krefst afturvirkra leiðréttinga. Ekki er gert ráð fyrir að túlkunin muni hafa áhrif á samstæðureikninginn.

- IFRIC 12 *Samningar um þjónustuivilnun* birtir leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. IFRIC 12 sem gildir fyrir ársreikning samstæðunnar 2008 mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

- IFRIC 13 *Tryggðarkerfi* fjallar um reikningsskil félaga sem reka, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afsláttum af vörum og þjónustu eða ókeypis vörum og þjónustu. IFRIC 13 sem gildir fyrir ársreikning samstæðunnar 2009 mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

- IFRIC 14 *IAS 19 – Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra* skýrir hvenær endurgreiðslur eða lækkun framtíðariðgjalda í tengslum við réttindatengdar eignir skuli telja mögulegar og leiðbeinir um áhrif ákvæða um lágmarks fjármögnun slíkra eigna. Túlkunin fjallar einnig um það þegar ákvæði um lágmarks fjármögnun geta leitt til skuldar. IFRIC 14 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2008 og krefst afturvirkra leiðréttinga. Túlkunin mun ekki hafa áhrif á samstæðureikninginn.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir, fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) Rekstrarfjármunir

Gangvirði rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði þeirra. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í armslengdarviðskiptum milli viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði tækja og innréttinga byggist á markaðsverði sambærilegra eigna.

(ii) Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

(iii) Fjárfestingar í eignarhlutum og skuldabréfum

Gangvirði fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning og fjáreigna til gjalddaga er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörstegi.

(iv) Birgðir

Gangvirði birgða sem yfirteknar eru við samruna er ákvarðað út frá væntu söluvirði í venjulegum viðskiptum að frátöldum sölukostnaði og eðlilegri álagningu við að selja birgðirnar.

(v) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

